

Umsögn Krabbameinsfélags Íslands um drög að tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030.

Í tillögunni er tekið fram að með lýðheilsu sé átt við heilsueflingu og forvarnir sem miða að því að viðhalda og bæta heilbrigði fólks. Tillagan fjallar að mestu um lýðheilsu innan heilbrigðiskerfisins, og það mætti gjarnan endurspeglast í heiti stefnunnar. Ætla má að innan heilbrigðiskerfisins sé í flestum tilfellum um að ræða heilsueflingu og forvarnir í kjölfar þess að heilsunni er einhver ógn búin. Tillagan fjallar í samræmi við það mest um annars stigs forvarnir og sjaldnar um fyrsta stigs forvarnir. Fyrsta stigs forvarnirnar hljóta almennt að vera leiðarljós í lýðheilsumálum, þ.e. heilsuefling og forvarnir í samfélaginu öllu en ekki bara í heilbrigðiskerfinu sem viðbragð við vanda. Með þessu er ekki ætlað að draga úr mikilvægi þess að stjórnvöld tryggi aðgengi almennings að gagnreyndum úrræðum til heilsueflingar og breytinga á lífsháttum.

Heilsuefling og forvarnir standa Krabbameinsfélaginu nærri því markmið félagsins eru að fækka nýjum krabbameinstilfellum, fækka dauðsföllum af völdum krabbameina og bæta lífsgæði fólks sem hefur fengið krabbamein og aðstandenda þeirra. Félagið beitir sér á marga vegu til að ná markmiðunum og er eitt fjölmargra félaga í landinu sem beitir sér fyrir bættri lýðheilsu. Einn af hverjum þremur Íslendingum má vænta þess að fá krabbamein á lífsleiðinni en rannsóknir sýna að forvarnir geti komið í veg fyrir 30-50% nýrra krabbameinstifella. Krabbameinsfélagið minnir á að í krabbameinsáætlun til 2030 eru tilgreindir þeir þættir sem snúa að forvarnaraðgerðum gegn krabbameinum og hvetur til að þeir séu hafðir til hliðsjónar við gerð lýðheilsustefnu. Einnig má benda á gagnreyndar ráðleggingar World Cancer Research Fund um stefnu sem ætlað er að aðstoða stjórnvöld og stefnumótendur um allan heim að grípa til árangursríkra aðgerða til að fækka nýjum krabbameinstilfellum og tilfellum annarra ósmitbærra sjúkdóma.

Krabbameinsfélagið fagnar áherslu í stefnunni á jafnræði og jöfnuð og bendir á að reykingar, áfengisneysla, aðgengi að næringarríkum matvælum og fleiri þættir sem hafa áhrif á heilsu eru misdreifðir í þjóðfélaginu. Gjaldfrjáls þjónusta, meðal annars gjaldfrjáls krabbameinsskimun, skiptir máli. Mikilvægt er að fylgst sé með nýjustu upplýsingum um það hvaða skimanir fyrir krabbameinum séu fýsilegar og að lýðgrunduð ristilskimun verði sett á laggirnar hið snarasta.

Tekið er undir það að heilsusjónarmið skuli vera lykilstefið í allri stefnumótunarvinnu sem liður í því að innleiða hugmyndafræðina heilsu í allar stefnur. Það þarf þó að sýna í verki, þannig að heilsan njóti forgangs ef upp koma tillögur eða stefnur sem skarast á við heilsu, samanber frumvarp um áfengi í verslanir.

Í greinargerðinni er gerð grein fyrir því að góður árangur hafi náðst í því að draga úr tóbaksreykingum og skaðlegri notkun áfengis. Tóbaksvarnir hafa sannarlega skilað árangri. Þó sýna niðurstöður í talnabrunni Embættis landlæknis í febrúar 2021 að 11% karla og 13% kvenna 45 ára og eldri reyktu daglega eða sjaldnar en daglega árið 2020. Betur má ef duga skal. Krabbameinsfélagið minnir einnig á að fylgjast verði með og bregðast við ógnum nýrra vágesta, svo sem reyklauss tóbaks, rafsígarettar og nikótínþúða. Í fyrrnefndum talnabrunni kom fram að í aldurshópnum 18-24 ára hafi 20% karla og 17% kvenna notað tóbak í vör daglega eða sjaldnar en daglega árið 2020 og 25% karla og 21% kvenna notað tóbakslausa nikótínþúða daglega. Tóbakslausir nikótínþúðar er ný vara á markaði sem hefur náð töluverðri útbreiðslu á skömmum tíma. Nikótínþúðar hafa ekki markaðsleyfi sem lyf og engin lög eða reglur ná utan um þessa vöru í dag.

Krabbameinsfélagið gerir athugasemdir við notkun orðalagsins „skaðleg notkun áfengis“. Gert er ráð fyrir að hugsunin sé sú sama og í talnabrunni Embættis landlæknis í febrúar 2021 þar sem ákveðinn

lágmarksfjöldi áhættustiga er reiknaður út frá tíðni áfengisneyslu, fjölda drykkja og tíðni ölvunardrykkju. Áfengi er áhættuþáttur gagnvart krabbameinum og rannsóknir sýna að ekkert magn áfengis er skaðlaust hvað varðar aukna áhættu á krabbameinum. Krabbameinsfélagið telur því ofangreinda skilgreiningu villandi, öll notkun er í raun skaðleg. Huga þarf að heildarneyslu áfengis, að hún sé sem minnst. Könnun sem Krabbameinsfélagið lét gera í apríl 2019 sýndi að 96% fólks taldi reykingar hafa mikil áhrif á líkur á krabbameinum, 83% fólks taldi ljósabekkjanotkun hafa mikil áhrif, 81% fólks taldi reyklaust tóbak hafa mikil áhrif en einungis 41% fólks taldi áfengi hafa mikil áhrif. Auk þess taldi einungis 36% fólks það að vera í yfirþyngd hafa mikil áhrif á krabbameinslíkur.

Í greinargerðinni er í framhaldi af texta um tóbak og áfengi talað um að yfirþyngd og offita, merki um skort á svefni og andleg heilsa séu áhyggjuefni. Krabbameinsfélagið tekur undir það heils hugar og vill bæta við að mikil neysla næringarsnauðra matvæla og sykraðra drykkja og hreyfingarleysi séu einnig áhyggjuefni, sér í lagi meðal ákveðinna hópa sem mikilvægt er að bregðast við með árangursríkum aðferðum sem stjórnvöld hafa margar hverjar í hendi sér.

Með kveðju



Halla Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri